

VITRINGARNIR FRÁ AUSTURLÖNDUM

Allir landsmenn þekkja söguna um vitringana frá Austurlöndum, sem færðu Jesúbarninu gull, reykelsi og myrru. En hvaðan nákvæmlega komu þessir tignu gestir? Og hverjir voru þeir? Og hversu margir?

Vid skulum kanna málið.



Magoi

Nýja testamentið er upphaflega ritad á grísku og þar er orðið magoi notað um umrædda ferdalanga. Í eintölu er það magos. Var þetta titill prestastéttar í Međíu, landi þar sem í dag er norðvesturhluti Írans. Á íslensku hafa þeir stundum verið nefndir mágusar.

Konungar

Á 2. eða 3. öld breyttust þeir í eitthvað enn meira í hugum fólks, sem tók að líta á þá sem konunga. En það var samt ekki fyrr en á 10., 11. og 12. öld að myndverk voru almennt farin að sýna hina tignu gesti í slíkum gervum.

Í öllum íslensku biblíuútgáfunum, allt frá Guðbrandsbiblíu 1584 til útgáfunnar 1981, er gríska orðið magoi þýtt sem „vitringar“. Og eins verður í Biblíu 21. aldar, sem kemur á markað árið 2006. En í íslenskum heimildum öðrum eru þeir gjarnan nefndir Austurvegskonungarnir. Í erlendum Biblíum er tökuorðið magi oftast notað í þessu sambandi, eða þá vitrir menn, en í sumum útgáfum konungar, stjörnufræðingar og stjörnuspekingar.

Heimkynnin

En hvaðan komu þessir menn? Um það eru deildar meiningar, eins og um flest annað í þessari sögu. En ljóst er, að þeir voru ekki Hebrear, eins og spurning þeirra upplýsir: „Hvar er hinn nýfæddi konungur Gyðinga?“ Höfundur Matteusargudspjalls veit einungis að þeir komu úr austri, þekktu himintunglin og gátu ráðið í bodskap þeirra. Af þeim sökum koma margar austrænar þjóðir hér til greina, enda átti stjörnurýni djúpar rætur þar æði víða. Ein tilgátan er Arabía, en þar var að finna allar gjafirnar og það í ríkum mæli. Aðrir benda á, að vitringarnir kynnu allt eins að hafa komið frá einhverju þeirra ríkja sem voru austar, þ.e.a.s. í gömlu Mesópótamíu. Eða jafnvel frá Indlandi. Einnig hafa Egyptaland, Eþíópía, Armenía, Skýþía og fleiri verið nefnd. En flestir virdast þó nú á tímum hneigjast að Babyloníu eða Persíu.





Fjöldi og nöfn

Í Matteusargudspjalli segir ekkert um fjölda þessara gesta úr austri. Elsta teikning af atburðinum við jötuna, sem er að finna í katakombunum í og við Rómaborg, og er frá 2. eða 3. öld, sýnir fjóra vitringa. Önnur, frá 3. öld, er með tvo. En um svipað leyti minnst Órígenes (185–254) kirkjufadir á það í skrifum einu, að um þrjú hafi verið að ræða og átti fjöldi gjafanna þar vafalaust stóran hlut að máli. Og þetta varð svo endanleg nidurstada í vesturkirkjunni frá og með 11. eða 12. öld. Í austurkirkjunni varð þó önnur tilgáta lífseigari; þar sögdu menn að konungarnir hefðu verið tólf. Eflaust er þar í, með og undir fjöldi ættkvísla Ísraelsmanna, sem og tala postulanna. Og enn aðrir voru með sex eða átta.

Mósaíkmynd ein í Ravenna á Norðaustur-Ítalíu, frá um 550 e.Kr., er með elstu heimildum um Kaspar, Melkíor og Baltasar sem nöfn á þremmenningunum og eru þau endanlega fest í vesturkirkjunni á 12. öld. Jafnframt verða þeir fulltrúar heimsálfanna sem menn þá vissu um – Afríku, Evrópu og Asíu – og með tilheyrandi útlit.

Heimferdin og annað

En hvað varð svo um þá, eftir heimsóknina til Betlehem? Matteusargudspjall segir að þeir hafi farið aðra leið heim, eftir bendingu í draumi um að snúa ekki aftur til Heródesar. En síðan er þögn. Helgisagnir meina að Tómas postuli hafi síðar farið austur um, hitt þremmenningana á Indlandi og kristnað þá. Einnig er rætt um, að þeir hafi orðið erkibiskupar. Og midaldaheimild ein frá Köln í Vestur-Pýskalandi segir, að þeir hafi allir dáið árið 54, í Sebaste í Armeníu, eftir að hafa áður lagt á sig mikið erfidi við útbreiðslu fagnadarerindisins. Melkíor andadist 1. janúar, 116 ára gamall, Baltasar 6. janúar, 112 ára að aldri, og Kaspar 11. janúar, 109 ára. Jafnframt segir leifar þeirra eiga síðar að hafa uppgötvast í Persíu, verið fluttar til Konstantínópel á 4. öld, þaðan til Mílanó á Ítalíu á 5. öld, og svo til Kölmar árið 1163.

Ítalska kaupþýslumanninum og ferdalangnum Markó Póló var þó sagt á 13. öld, að grafir þeirra væru í Persíu. En í þessum fræðum er ekkert merkilegt þótt eitthvað stangist á. Því oft er nú svo, að allir vildu Lilju kveidið hafa.

Sigurður Ægisson

